



Söngfuglar og víóluleikari í „Allskynsóperu“ Tónlistarskólans í maí 2019

• *Gerum góðan skóla betri* •

*Október 2019*

## Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2019.....	4
Inngangur .....	4
Veturinn 2018 – 2019.....	5
Forskólinn 2018 - 2019 .....	5
Próf veturinn 2018 – 2019.....	5
Tónleikahald 2018 - 2019.....	5
Landsmót SÍSL á Akureyri .....	5
Deildatónleikar í nóvember .....	5
Kertatónleikar strengjasveitar í Listasafninu í desember .....	5
Dagur tónlistarskólanna 9. febrúar .....	5
Nótutónleikar 16. mars og 6. apríl.....	5
„Píanó-hringekjan“ .....	6
„Allskynsóperan“ .....	6
Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2018 – 2019.....	6
Veturinn 2019 – 2020.....	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2019 – 2020.....	7
Fjöldi nemenda 2019 – 2020 / biðlistinn.....	8
Kennarar 2019 – 2020 .....	8
Endur- og símenntun kennara.....	9
Kennlustaðir 2019 – 2020.....	9
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2019 – 2020 .....	10
Tónlistarflutningur „úti bæ“ .....	10
Ljósheimar-Fossheimar .....	10
Forskóla-hljóðfærakynningar .....	11
Samstarf skóla og millilandaverkefni veturinn 2019 – 2020.....	11
Píanóhringekjan – Tónskóli Sigursveins .....	11
Strengjanemendur – Tónskóli Sigursveins og Allegro-Suzukiskólinn.....	11
Blökkflautusveit – Béla Bartók tónlistarskólinn í Berlín .....	11
Blásarasveitir til Ítalíu .....	11
Áætlun 2020 .....	11
Skýrslur deildastjóra maí 2019.....	12
Blásaradeild.....	12
Blökkflautudeild.....	13

Forskóladeild.....	14
Gítardeild.....	17
Píanódeild.....	19
Rytmísk deild .....	20
Strengjadeild.....	21
Suzukideild.....	22
Söngdeild.....	23
Tónfræðideild .....	24
Fylgiskjal A - Skóladagatal.....	27
Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk .....	28
Fylgiskjal C – Stigspróf 2014 - 2019 .....	29
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.....	30
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi.....	31
Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum.....	32
Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi .....	33
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	34
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda í einkatímum .....	35
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	36
Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall.....	37
Fylgiskjal L – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs.....	38
Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi .....	39
Fylgiskjal N - Kennaralisti.....	40
Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara.....	41
Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni .....	42
Fylgiskjal Q – Skólagjöld.....	43
Fylgiskjal R – úr Ársreikningi 2018 .....	44
Fylgiskjal S – 6 mán. uppgjör 2019 .....	45
Fylgiskjal T – Fjöldi nemenda og klst. október 2019.....	46
Fylgiskjal U – Áætlun 2020 .....	47
Fylgiskjal V – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2020 .....	48

# Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2019

## Inngangur

Það er spennandi vetur framundan 2019 – 2020. Líklega hafa sjaldan eins margir nemendur verið svo vel undirbúnir fyrir verkefni vetrarins sem nú, því margir þeirra komu „heitir“ úr sumarfrí eftir þátttöku í upprifjunardögum og sumarnámskeiðum bæði innanlands og utan. Eru þar sérstaklega virkir nemendur og kennarar Suzukideildar sem sóttu æfingabúðir t.d. í Gdansk í Póllandi og Malvern í Englandi. Það var ekki heldur nein lognmolla í starfinu núna í upphafi vetrar, því tveir nemendur skólans léku með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborgarsal Hörpu, þann 22. september sl. Það voru þær Katrín Birna Sigurðardóttir á selló og Elísabet Anna Dudziak á fiðlu, sem tóku þátt í flutningi 9. sinfóníu Beethovens ásamt 300 öðrum ungum flytjendum. Þær stóllur voru skólanum til mikils sóma og erum við ákaflega stolt af þátttöku þeirra í þessu glæsilega verkefni.

Í vor fluttist kennsluaðstaða á Eyrarbakka úr félagsheimilinu Stað, í grunnskólann. Þar með fer tónlistarkennsla fram í öllum grunnskólum sýslunnar. Þetta hefur ótvíræða kosti í för með sér fyrir nemendur, sem geta sótt tónlistartíma á skólatíma og á sama stað og aðra kennslu.

Kennarahópurinn er mjög stöðugur. Þeir kennarar sem voru í námsleyfi sl. vetur hafa snúið heim á ný. Vel gekk að ráða til starfa nýja kennara í stað þeirra þriggja sem hættu eða fóru í leyfi í vetur. Þar hjálpar mjög gott orðspor Tónlistarskóla Árnesinga.

Kjarasamningar tónlistarskólakennara runnu út 30. júní í sumar. Samið hefur verið um innágreiðslu vegna samningsleysis 1. nóvember, en fjárhagsáætlun 2019 krefst endurskoðunar þegar samningar hafa tekist milli viðsemjenda.

Endurmenntun er reglulegur þáttur í starfsemi skólans. Starfsmenn Tónlistarskólans fóru í námsferð til Austurríkis og Þýskalands í vor og komu margs fróðari heim. Eftirminnileg var heimsókn okkar í tónlistarháskólann í München, en þar tók á móti okkur prof. Wolfgang Mastnak. Auk þess að vera konsertpíanisti er hann með doktorsgráður í tónlist, tónlistarmedferð, stærðfræði, lækna- og menntavísindum. Hann hefur sérhæft sig í rannsóknum á áhrifum tónlistar og tónlistariðkunar á tauga- og heilastarfsemi með tilliti til endurhæfingar, þjálfunar og lækninga. Var einstaklega áhugavert að heyra um allar þær rannsóknir sem eru í gangi á því sviði. Það var ekki síður áhugavert að hlusta á erindi dr. Helgu Rutar Guðmundsdóttur á málþingi í Hörpu 27. september sl., sem hét „Hvað segja rannsóknir um gildi tónlistarmenntunar?“. Kynnti Helga Rut nýlegar rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum tónlistariðkunar á börn varðandi greind og hegðun. Rannsóknir sýndu mælanlegan mun til aukinnar greindar og bættrar hegðunar og þá sérstaklega hjá þeim börnum sem hvað höllustum fæti standa félagslega. Með allar þessar upplýsingar í farteskinu, er mikilvægt að spyrja sig hvernig við getum gert leik- og grunnskóla að syngjandi stofnunum og hvernig tónlistarmedferð geti orðið eðlilegur þáttur í endurhæfingu fólks með heilasjúkdóma s.s. vegna Alzheimer, Parkinson eða heilablóðfalls.

*Selfossi, 9. október 2019,  
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

## Veturinn 2018 – 2019

### Forskólinn 2018 - 2019

Hljóðfærakynningar fyrir börn í 2. bekk allra grunnskóla sýslunnar er orðinn fastur liður í starfsemi Tónlistarskóla Árnesinga. Deildarstjórar og kennarar tónlistarskólans skiptust á um að heimsækja bekkina (17 talsins) fimm sinnum yfir veturinn. Rauður þráður í gegnum kynningarnar voru löggin „Á Sprengisandi“ og „Lína langsokkur“ sem þau sungu í hverri heimsókn. Svo fengu börnin hljóðfærakynningar með fróðleik og tónðæmum og að prófa hljóðfærin sjálf.

### Próf veturinn 2018 – 2019

Veturinn 2018 – 2019 luku 237 nemendur stigsprófum. Þar af luku 47 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Þrjú söngnemendur luku framhaldsprófi í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum, en það voru þær Berglind María Ólafsdóttir, Sædís Lind Másdóttir og Unnur Þórisdóttir (Fylgiskjal C - Stigspróf 2014 – 2019).

### Tónleikahald 2018 - 2019

Tónleikahald var í grunninn með hefðbundnu sniði veturinn 2018 – 2019, en nokkrir viðburðir skera sig úr. Hér verður stiklað á helstu viðburðum vetrarins.

### Landsmót SÍSL á Akureyri

Samband Íslenskra skólalúðrasveita hélt landsmót fyrir C-D sveitir á Akureyri helgina 12.-14. október 2018. Þangað fóru um 15 blásaranemendur frá Tónlistarskóla Árnesinga.

### Deildatónleikar í nóvember

Deildatónleikar eru alltaf gott og kröftugt upphaf á tónleikavetri og deildatónleikarnir sl. haust voru engin undantekning þar á. Allar hljómsveitir, samspilshópar og sönghópar skólans fluttu sín verk auk einleikara - og fyrstu píanóhringekjunum var ýtt úr vör. Sjá hér á eftir um „Píanó-hringekjuna“.

### Kertatónleikar strengjasveitar í Listasafninu í desember

Eldri strengjasveitin hélt tónleika í Listasafni Árnesinga í Hveragerði 16. desember 2018, við kertaljós. Mjög skemmtileg stemning og flutningur sveitarinnar naut sín vel í rökkrinu.

### Dagur tónlistarskólanna 9. febrúar

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur með sex svæðistónleikum, þ.e. á Flúðum, Reykholti, Þorlákshöfn, Hveragerði og Selfossi. Fjöldi einleikara og samspilshópa kom fram, en á tónleikunum fór jafnframt fram val á þátttakendum í Nótunni 2019 (Uppskeruhátíð tónlistarskólanna á landsvísu). Fjögur atriði voru valin til að taka þátt í svæðistónleikum Nótunnar í Kópavogi.

### Nótutónleikar 16. mars og 6. apríl

Svæðistónleikar Nótunnar fyrir Suðurland, Suðurnes og Kragann voru haldnir í Salnum í Kópavogi 16. mars 2019. Fulltrúar Tónlistarskóla Árnesinga á tónleikunum voru:

Rytmasveitin No Sleep (Valgarður Uni Arnarsson rafgítar, Gylfi Þór Ósvaldsson rafgítar, Jakob Unnar Sigurðsson bassi og Þröstur Ægir Þorsteinsson trommur), Eyrún Huld Ingvarsdóttir fiðla, Hrafnkell Örn Blöndal Barkarson píanó og Sædís Lind Másdóttir söngur. Einar Bjartur Egilsson píanókennari sá um meðleikinn.

Allir stóðu flytjendur sig með mikilli þrýði, en No Sleep og Eyrún Huld fengu sérstaka viðurkenningu fyrir leik sinn á tónleikunum og voru valin til áframhaldandi þátttöku á lokatónleikum í Hofi á Akureyri 6. apríl. Bæði atriðin fengu sérstaka viðurkenningu á lokatónleikunum fyrir vandaðan flutning og Eyrún var valin úr glæsilegum hópi ungra fiðluleikara til að leika með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna 7. desember nk. undir stjórn Oliver Kentish. Vorum við afskaplega stolt yfir frammistöðu nemendanna okkar.

#### „Píanó-hringekjan“

Á haustönn 2018 var hrundið af stað stóru samspilsverkefni fyrir píanónemendur, sem hlaut nafnið píanóhringekjan. Fyrirmyndin er sótt til Tónskóla Sigursveins og fengu píanókennarar Halldóru Aradóttur frá Tónskólanum til að kynna og leiða verkefnið af stað. Uppskeru þessarar vinnu mátti sjá á tónleikum í Hveragerðiskirkju 6. maí 2019, þar sem fram komu yfir 60 píanónemendur sem léku samfellda 45 mínútna dagskrá með fjór- og sexhentum verkum. Frábær vinna kennara og nemenda skilaði sér mjög skemmtilega á tónleikunum.

#### „Allskynsóperan“

Skólaárinu lauk með mikilli uppskeruhátíð þar sem þema vetrarins „samspil þriggja og fleiri“ naut sín vel. Dagana 10. og 11. maí setti Tónlistarskóli Árnesinga upp hina stórskemmtilegu „Allskynsóperu“ á Stokkseyri. Haldnar voru þrjár sýningar og skemmtu bæði flytjendur og áheyrendur sér konunglega, um leið og þeir nutu vandaðs tónlistarflutnings. Alls tóku um 150 nemendur, í hljómsveitum og samspilshópum, einsöngvarar og söngfuglar, þátt í óperunni undir stjórn sinna kennara og stjórnenda. Allir hlutaðeigendur eiga hrós skilið fyrir vandaðan undirbúning og frábæra tónleika.

Handritshöfundur og aðalstjórnandi Allskynsóperunnar var Guðmundur Kristmundsson.

#### Viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir 2018 – 2019

Eftirtaldir nemendur fengu viðurkenningarskjal fyrir ástundun og framfarir, ásamt gjafabréfi til nótnakaupa frá kvenfélögum í sýslunni vorið 2019:

Snorri Ingvarsson	Þjórsárskóli	Píanó
Pétur Núi Stefánsson	Hveragerði	Píanó
Ólöf Vala Heimisdóttir	Flóahreppur	Píanó
Árdís Eva Birgisdóttir	Flóahreppur	Slagverk
Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir	Þorlákshöfn	Þverflauta
Þrúður Sóley Guðnadóttir	Þorlákshöfn	Klarínetta
Sigurður Reynir Valgeirsson	Selfoss	Píanó
Guðbergur Davíð Ágústsson	Selfoss	Gítar/slagverk
Kristín Viðja Vernharðsdóttir	Selfoss	Blokkflauta
Unnur Þórisdóttir	Selfoss	Söngur

Við þökkum kvenfélagskonum innilega fyrir stuðninginn og hlýhug í garð tónlistarskólans.



## Veturinn 2019 – 2020

### Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2019 – 2020 hófst 21. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 28. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 26. maí 2020 og þremur starfsdögum 27. – 29. maí. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustið er tekið 17. - 21. október. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2019 – 2020)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2019 – 2020)

(Fylgiskjal R – bls. 5 úr Ársreikningi 2018)

(Fylgiskjal S – bls. 5 úr 6 mán. uppgjör 2019)

---

### Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2019 – 2020

*Héraðsnefnd Árnesinga bs.:* Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

*Framkvæmdastjórn:* Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

*Stjórn Tónlistarsk. Árn.:* Rakel Sveinsdóttir, formaður (Sveitarfél. Ölfus) til 15. okt. 2019  
Kristín Magnúsdóttir (Sveitarfél. Ölfus) frá 15. okt. 2019  
Kolbrún Haraldsdóttir, ritari (Hrunamannahreppi)  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, varaform. (Sveitarfél. Árborg)

*Skólastjóri:* Helga Sighvatsdóttir

*Aðstoðarskólastjóri:* Jóhann I. Stefánsson

*Skólaritari:* Ragnhildur Magnúsdóttir

*Deildarstjórnar 2018-2020:*

Gestur Áskelsson	Blásaradeild + Blokkflautudeild
Guðmundur Kristmunds.	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét Stefánsdóttir	Píanódeild + Söngdeild
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + Gítardeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðad. + Forskóladeild

- Deildarstjórnar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

### *Umsjónarmenn kennslustaða*

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

### *Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2019-2020:*

Flóaskóli	Eyjólfur Eyjólfsson
Flúðir/Þjórskóli	Magnea Gunnarsdóttir
Hveragerði	Timothy Andrew Knappett
Reykholt	Suncana Slamnig
Stokkseyri/Eyrbakki	Ingibjörg Birgisdóttir
Þorlákshöfn	Sigríður Kjartansdóttir

## Fjöldi nemenda 2019 – 2020 / biðlistinn

Í ár stunda 517 nemendur nám við skólann í einkatímum. Þar af eru 152 nýnemar.

Um 260 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar/forskólanám á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista eru 44 nöfn sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Bláskógabyggð: 3 (2 x gítar, 1 x píanó)

Hveragerði: 7 (2 x gítar, 4 x píanó, 1 x trommur)

Árborg: 22 (9 x gítar, 1 x harmóníka, 4 x píanó, 1 x Suzuki-gítar, 5 x trommur, 2 x þverflauta)

Ölfus: 11 (4 x gítar, 6 x píanó, 1 x þverflauta)

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjöllum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Nemendafjöldi í hverjum námsáfangi - hlutfall)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal T - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2019)

## Kennarar 2019 – 2020

Lítill hreyfing er á kennurum, en þó hafa nokkur nöfn bæst á kennaralistann.

Miklós Dalmay píanókennari og Edit Anna Molnár tónfræðakennari sem voru í leyfi sl. vetur, hafa snúið til kennslu á ný.

Tveir kennarar létu af störfum í vor. Loftur Erlingsson söng- og píanókennari snéri til annarra starfa. Í hans stað voru ráðin Suncana Slamnig píanókennari og Eyjólfur Eyjólfsson söngkennari. Zoltán Szklenár málmblásturskennari hætti kennslu við skólann í vor. Í hans stað var ráðinn Heimir Ingi Guðmundsson. Við þökkum Lofti og Zoltán innilega fyrir ánægjulegt samstarf öll árin í Tónlistarskóla Árnesinga!

Viðbótar píanókennara vantaði til að anna eftirspurn eftir píanónámi í haust. Timothy Andrew Knappet og Jón Bjarnason voru ráðnir til að mæta því.

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir píanókennari er í launalausum leyfi. Dagur Bergsson og Timothy leysa hana af í vetur.

Aðrir nýliðar í kennarahópnum eru Skúli Gíslason trommukennari, Daniel Cassidy rytmískur fiðlukennari og Guðmundur Óli Gunnarsson sem kennir valgrein í framhaldsnámi í vetur.

- Við óskum nýliðunum okkar velfarnaðar í starfi.

Í vetur starfa 35 kennarar við skólann í um 28,17 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)



## Endur- og símenntun kennara

Kennarar skólans eru almennt mjög duglegir að sinna endur- og símenntun eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Auk námskeiða og fyrirlestra sem skólinn stendur fyrir á starfsdögum sækja kennarar fjölbreytt nám, námskeið, námsferðir og þing utan skólans. Suzukikennarar eru flest allir í Suzukikennaranámi (sumir hafa lokið því) og fylgir þessum hópi kennara sterkur faglegur andi sem skilar sér mjög vel inn í skólastarfið. Annað nám sem nefna má er Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem einn kennari sótti sl. vetur í Endurmenntun Háskóla Íslands, tveir kennarar fóru utan í námsleyfi og einn er í tónlistarkennaranámi í Listaháskóla Íslands.

Vorið 2019 fór starfsmannahópurinn í námsferð til Austurríkis og Þýskalands. Ferðin var eftirminnileg fyrir margra hluta sakir. Í bænum Bad Ischl í Austurríki heimsóttum við „Landesmusikschule Bad Ischl“, þar sem við fengum fræðslu um tónlistarskólann og tónlisarskólakerfið í Austurríki og hlýddum á nemendatónleika. Í Salzburg kynntum við okkur sögu Mozarts með heimsóknum á söfn og leiðsögn um bæinn auk þess að fara á óperuna Brúðkaup Fígarós í Landestheater. Í München heimsóttum við tónlistarháskólann, „Hochschule für Musik“. Þar tók á móti okkur Wolfgang Mastnak prófessor og deildarstjóri. Hann fræddi okkur um skólann, en svo beindist talið að hans sérsviði sem er áhrif tónlistar á heilastarfsemi og hvernig nýta má tónlist til endurhæfingar, þjálfunar og lækninga s.s. vegna Alzheimer, Parkinson eða heilablóðfalls. Wolfgang er með doktorsgráður í tónlist, tónlistarmedferð, stærðfræði, lækna- og menntavísindum. Hann hefur stundað rannsóknir á þessu sviði í samstarfi við evrópska, ameríska og kínverska háskóla og sjúkrahús og var einstaklega áhugavert að heyra um allar þær rannsóknir sem eru í gangi á þessu sviði.

Í októberlok sóttu skólastjórnendur og kennarar málþing sem haldið var í Hörpu í tilefni af 50 ára afmæli Samtaka tónlistarskólastjóra. Þar voru flutt mörg mjög áhugaverð erindi, en yfirskrift málþingsins var „Framtíð tónlistarskólanna – Hvert stefnum við?“. Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir prófessor við Háskóla Íslands hélt þar m.a. erindi um nýjustu rannsóknir á áhrifum tónlistar á heilastarfsemi, en erindi hennar hét „Hvað segja rannsóknir um gildi tónlistarmenntunar?“ Niðurstöður þessara rannsókna voru mjög áhugaverðar, en hvað mesta athygli vöktu niðurstöður rannsókna um áhrif tónlistariðkunar á börn. Samkvæmt rannsóknunum hefur tónlistariðkun mælanleg áhrif á greind barna og til bættrar hegðunar (minni árásarhneigðar). Mest áhrif hafði tónlistariðkun á börn sem stóðu höllum fæti félagslega.

## Kennslustaðir 2019 – 2020

Kennslustaðir eru þeir sömu og sl. vetur, nema skólinn flutti kennslu sína á Eyrarbakka úr félagsheimilinu Stað, í grunnskólann. Samfylkingarsalurinn þarfnaðist endurbóta og fengum við inni í fyrrum Veiðisportshúsinu við hliðina um stundasakir í september.

Árborg: Eyravegur 9, Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi

Árborg: Vallaskóli, Selfossi

Árborg: Samfylkingarsalurinn, Eyravegi 15, Selfossi

Árborg: Barnaskólinn á Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli  
Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórsárskóli  
Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

## Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2019 – 2020

Stærstu viðburðir vetrarins:

- Tveir nemendur léku með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborgarsal Hörpu, þann 22. september
- Deildatónleikar verða í nóvember sem hér segir:
  - Blásaradeildartónleikar – fimmtud. 30. okt. kl. 18:00 í Sunnulækjarskóla
  - Blokkflautudeildartónleikar – mánud. 4. nóv. kl. 19:00 í Sunnulækjarskóla
  - Gítardeildartónleikar - þriðjud. 5. nóv. kl. 18:00 í Listasafni Árn. Hveragerði
  - Strengjadeildartónleikar – miðvikud. 6. nóv. kl. 18:00 í Selfosskirkju
  - Píanódeildartónleikar – fimmtud. 7. nóv. kl. 18:00 í Þorlákskirkju
  - Rytmískir deildartónleikar – föstud. 8. nóv. kl. 17:30 Eyravegi 9, Selfossi
  - Söngdeildartónleikar – mánud. 11. nóv. kl. 18:00 í Hveragerðiskirkju
- Hausttónleikar skólans verða vikuna 23. - 30. nóvember. Á þessum tónleikum koma allir nemendur skólans fram hjá sínum kennurum.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður haldið miðvikud. 4. des. kl. 17:00 í Sunnulækjarskóla á Selfossi.
- Eyrún Huld Ingvarsdóttir leikur með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna 7. desember.
- Í desember fara svo nemendurnir út um hvippinn og hvappinn með sínum kennurum, leika jólalög og aðra fallega tónlist fyrir sveitunga sína um alla sýslu.
- 14. og 15. desember tekur eldri blokkflautusveit og 4 slagverksnemendur þátt í jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborgarsal Hörpu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 8. febrúar 2020. Þennan dag verða sex svæðisbundnir þematónleikar í sýslunni. Á tónleikunum verða valin atriði til flutnings á afmælistónleikum Nótunnar.
- Miðdeildartónleikar, mánud. 16. mars 2020.
- Framhaldsdeildartónleikar, þriðjud. 17. mars 2020.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, 29. mars í Eldborgarsal Hörpu, Reykjavík.
- Þematónleikar, 4. maí 2020
- Skólaslit verða vikuna 19. – 26. maí 2020.

Þema vetrarins er Tölvuleikja- og teiknimyndatónlist.

Aðgangur að tónleikum tónlistarskólans er ókeypis og öllum opinn.

## Tónlistarflutningur „útí bæ“

### Ljósheimar-Fossheimar

Tónlistarskólanemendur heimsækja hjúkrunarheimili og leikskóla víða um sýsluna.

Heimsóknir á hjúkrunarheimilin á Ljósheimum og Fossheimum á Selfossi eru m.a. orðnir fastir liðir í vetrarstarfinu og skiptast deildir skólans á um að leika stutta tónleika fyrir heimilisfólk.

September – Rytmísk deild

Október – Suzukideild

Nóvember – Gítardeild

Desember – Strengjadeild

Janúar – Blokkflautudeild

Febrúar – Píanódeild

Mars – Söngdeild

Apríl – Blásaradeild

## Forskóla-hljóðfærakynningar

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður framhaldið. Fá allar 17 bekkjardeildir 2. bekkjar fimm heimsóknir í vetur þar sem verður bæði sungið og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

## Samstarf skóla og millilandaverkefni veturinn 2019 – 2020

Nokkur samstarfsverkefni verða í gangi í vetur, sem eru allrar athygli verð.

### Píanóhringekjan – Tónskóli Sigursveins

Í vetur verður unnið áfram með samleik píanónemenda, með hringekjuverkefninu sem ýtt var úr vör sl. vetur. Um 30 píanónemendur úr Tónskóla Sigursveins munu heimsækja okkur þann 16. nóvember. Haldinn verður sameiginlegur æfingadagur og sameiginlegir tónleikar í dagslok.

### Strengjanemendur – Tónskóli Sigursveins og Allegro-Suzukiskólinn

Strengjasveitin verða í samstarfi við Allegro-Suzukiskólann með æfingar og tónleika. Sellónemendur verða í samstarfi við Tónskóla Sigursveins með meistaranámskeið.

### Blokkflautusveit – Béla Bartók tónlistarskólinn í Berlín

Í undirbúningi er heimsókn blokkflautusveitar frá Béla Bartók-tónlistarskólanum í Berlín. Haldnir verða sameiginlegir tónleikar 18. apríl. Stefnt er að því að heimsækja Berlín að ári.

### Bláasarasveitir til Ítalíu

Bláasarasveitir Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi og í Þorlákshöfn ætluðu síðastliðið vor á alþjóðlegt bláasarasveitamót í Feneyjum á Ítalíu. Vegna falls flugfélagsins WOW var ferðinni frestað um eitt ár og er núna stefnt á mót dagana 13. – 17. maí 2020 í Feneyjum.

---

## Áætlun 2020

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2020 eru áætluð 287.026.778 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningur FT rann út 30. júní 2019. Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - september 2019 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2019 - 2020.
2. Kennslustundafjöldi í október 2019, 490 klst.
3. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1. ágúst 2015 - **31. mars 2019**
4. Kjarasamningur KÍ við LS - gildistími 1. apríl 2018 - **30. júní 2019**  
- **ATH. Kjarasamningar runnu út á árinu.**  
- **Áætlun krefst endurskoðunar þegar nýir kjarasamningar verða undirritaðir.**

(Fylgiskjal U - Áætlun 2020)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2020)

# Skýrslur deildastjóra maí 2019

## Blásaradeild

### Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Gestur Áskelsson

*Kennarar:*

Birna Bragadóttir

Gestur Áskelsson

Hjörtur B. Hjartarson

Jóhann I. Stefánsson

Sigríður Kjartansdóttir

Zoltán Szklenár

Örlygur Benediktsson

Stefán I. Þórhallsson

Snæfriður Sól Árnadóttir

Eyjólfur Eyjólfsson

*Kennslugreinar:*

Þverflauta, klarínetta, saxófónn

Klarínetta, saxófónn

Klarínetta, þverflauta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Trompet, horn, básúna

Klarínetta, saxófónn

Slagverk

Trompet

Þverflauta

*Hljómsveitir og samspil:*

Selfoss yngri blásarasveit

Selfoss eldri blásarasveit

Þorlákshöfn yngri blásarasveit

Þorlákshöfn eldri blásarasveit

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Jóhann I. Stefánsson/Kolbrún Berglind Grétarsd.

Gestur Áskelsson

Gestur Áskelsson

*Tónleikahald deildar:*

Blásaradeildartónleikar

Aðventustund Þorlákskirkju

Dagur tónlistarskólanna

Allskynsóperan

Vortónleikar

1. nóvember 2018

2. desember 2018

9. febrúar 2019

10. og 11. maí 2019

13. maí 2019

Blásaradeildin fór á Ljósheima og Fossheima í febrúar 2019.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Landsmót SÍSL fyrir C-D sveitir var haldið á Akureyri helgina 12. - 14. október 2018. Það var mjög vel heppnað og tókst vel.

Fyrirhuguð ferð C-D sveitar á lúðrasveitarmót til Feneyja vorið 2019 féll niður, en farið verður í staðinn vorið 2020.

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Hjörtur B. Hjartarson fór á Klezfest í London sumarið 2018 að læra klezmerspil og söng.

*Annað:*

Það er sama staða hér og virðist vera um land allt. Það vantar nemendur á blásturshljóðfæri. Vonandi að skipulag hljóðfærakynninga tónlistarskólans skili árangri á því sviði.

Blokkflautudeild  
Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Gestur Áskelsson

*Kennarar:*

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir  
Ingibjörg Birgisdóttir  
Helga Sighvatsdóttir

*Kennslugreinar:*

Blokkflauta og Suzukiblokkfl.  
Blokkflauta og Suzukiblokkfl.  
Blokkflauta

*Samspilshópar:*

Selfoss, Blokkflautusveit grunnnám  
Selfoss, Blokkflautusveit mið-/framhnám  
Suzuki-blokkflautuhópar 1  
Suzuki-blokkflautuhópar 2  
Tilfallandi dúettar og tríó sett saman fyrir tiltekna viðburði og tónleika.

*Stjórnandi:*

Ingibjörg Birgisdóttir  
Helga Sighvatsdóttir  
Kristín Jóhanna Dudziak  
Ingibjörg Birgisdóttir

*Tónleikahald deildar:*

Blokkflautudeildartónleikar 2. nóvember 2018.  
Blokkflautur á Ljósheimum/Fossheimum 13. desember 2018.  
Jólaspil í leikskólunum Undralandi og Óskalandi Hveragerði 17. desember 2018.  
Dagur tónlistarskólanna 9. febrúar 2019.  
Blokkflautuleikur Grænumörk 4. apríl 2019.  
Allskynsóperan 10. - 11. maí 2019.  
Skólaslit Selfossi 20. maí 2019.  
Skólaslit Stokkseyri 21. maí 2019.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

8 Suzuki blokkflautunemendur fara á sumarnámskeið í Malvern í Englandi í ágúst 2019.

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Suzuki blokkflautukennarar skólans þær Ingibjörg og Kristín, sóttu fyrstu ráðstefnu evrópskra Suzukiblokkflautukennara í Surrey í Englandi 12. - 14. apríl 2019.

*Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

Vantar fleiri samspilsstofur fyrir minni samspilshópa.

**Forskóladeild** – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnassýslu.  
**Skýrsla maí 2019**

*Deildarstjóri:* Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson höfðu umsjón með verkefninu.

Allir 2. bekkir í grunnskólum Árnassýslu fengu fimm heimsóknir yfir veturinn. Tvær fyrir jól og þrjár eftir jól. Alls 85 heimsóknir.

- Yfirumsjón með kynningunum var í höndum *deildarstjóra hvers hljóðfærahóps*. Hver þeirra hélt utan um sex kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

- Sjá áætlun um skipulag á næstu blaðsíðu.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærinu, hljóðfæraleik og nemendur fengu að prófa hljóðfærin. Að auki voru í hverri kynningu sungin tvö lög, þ.e. *Á Sprengisandi* og *Lína langsokkur*.

**Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:**

---

1. **Píanó/gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri:** *Vignir Ólafsson, Margrét S. Stefánsdóttir*  
+ Stefán I. Þórhallsson.
2. **Strokhljóðfæri:** *Guðmundur Kristmundsson*  
+ Guðmundur Pálsson, María Weiss, Ulle Hahndorf.
3. **Tréblásturshljóðfæri:** *Gestur Áskelsson*  
+ Birna Bragadóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Hjörtur B. Hjartarson, Sigríður Kjartansdóttir.
4. **Málmblásturshljóðfæri:** *Jóhann I. Stefánsson*  
+ Helga Sighvatsdóttir, Kolbrún Berglind Grétarsdóttir
5. **Upprifjunartími/sögur:** *Örlygur Benediktsson*  
+ Einar Bjartur Egilsson, Björn Pálmi Pálmason, Ester Ólafsdóttir, Dagur Bergsson, Magnea Gunnarsdóttir, Örlygur Atli Guðmundsson.

Í upprifjunartíma fengu nemendur blað með myndum af hljóðfærunum, þakkarbréf og kynningu til foreldra. – Sjá á næstu blaðsíðum.



## Hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu 2018-2019

		A	B	C	D	E
		PÍANÓ, GÍTAR RYTM. HLJÓDF.	STROK- HLJÓDFÆRI	TRÉBL- HLJÓDFÆRI	MÁLMBL- HLJÓDFÆRI	UPPRIFJUN hljóðfærin
<b>1</b>	SEL-Vallaskóli x3	Miðvikud.	Miðvikud.	Þriðjud.	Þriðjud.	Þriðjud.
	8:10 2. HB	3. okt. '18	7. nóv. '18	8. jan. '19	5. febr. '19	5. mars '19
	8:50 2. HP	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
	9:50 2. SBG	Margrét S. Stefánsd.	Marí Weiss	Ingibjörg Birgisd.	Helga Sighvatsdóttir	Einar Bjartur Egilss.
		Stefán I. Þórhallss.		Birna Bragadóttir		
<b>2</b>	SEL-Sunnulækjarsk. X4	Miðvikud.	Miðvikud.	Þriðjud.	Þriðjud.	Fimmtud.
	8:10	10. okt. '18	14. nóv. '18	15. jan. '19	12. febr. '19	14. mars '19
	8:50	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
	10:10	Margrét S. Stefánsd.	Ulle Hahndorf	Ingibjörg Birgisd.	Helga Sighvatsdóttir	Björn Pálmi Pálmas
	10:50	Stefán I. Þórhallss.		Eyjólfur Eyjólfsson		
<b>3</b>	Þorlákshöfn og	Miðvikud.	Miðvikud.	Þriðjud.	Þriðjud.	Þriðjud.
	Hveragerði (x 2)	17. okt. '18	21. nóv. '18	22. jan. '19	19. febr. '19	19. mars '19
	ÞOR 8:00 2. BE	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
	HVE 9:10 2.SS	Margrét S. Stefánsd.	Guðmundur Pálss.	Ingibjörg Birgisd.	Kolbrún Bergl. Grét.	Ester Ólafsdóttir
	HVE 10:10 2. EI	Stefán I. Þórhallss.		Sigríður Kjartansd.		
<b>4</b>	Stokkseyri/Flóaskóli	Miðvikud.	Miðvikud.	Miðvikud.	Miðvikud.	Miðvikud.
	FLÓ 8:10	24. okt. '18	28. nóv. '18	30. jan. '19	27. febr. '19	27. mars '19
	STO 9:55	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
		Margrét S. Stefánsd.	Marí Weiss	Ingibjörg Birgisd.	Helga Sighvatsdóttir	Dagur Bergsson
		Stefán I. Þórhallss.		Eyjólfur Eyjólfsson		
<b>5</b>	Reykholt, Laugarvatn	Föstud.	Mánud.	Þriðjud.	Þriðjud.	Þriðjud.
	og Kerhólsskóli	2. nóv. '18	3. des. '18	5. febr. '19	5. mars '19	9. apríl '19
	KER 8:15	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
	LAU 9:40	Margrét S. Stefánsd.	Ulle Hahndorf	Ingibjörg Birgisd.	Helga Sighvatsdóttir	Örlygur Atli Guðm.
	REY 10:55	Stefán I. Þórhallss.		Hjörtur B. Hjartarson		
<b>6</b>	Flúðir, Þjórsárskóli	Miðvikud.	Mánud.	Þriðjud.	Þriðjud.	Þriðjud.
	FLÚ 8:35	7. nóv. '18	10. des. '18	12. febr. '19	12. mars '19	23. apríl '19
	ÞJÓ 9:40	Vignir Ólafsson	Guðmundur Kristm.	Gestur Áskelsson	Jóhann I. Stefánsson	Örlygur Benediktsson
		Margrét S. Stefánsd.	Guðmundur Pálss.	Ingibjörg Birgisd.	Kolbrún Bergl. Grét.	Magnea Gunnarsd.
		Stefán I. Þórhallss.		Hjörtur B. Hjartarson		

TAKK ☺

Kæru nemendur í 2. bekk

Hjartans þakkir fyrir frábærar móttökur í hljóðfærakynningunum í vetur. Það var mjög gaman að heimsækja ykkur í skólann, sjá hvað þið voruð áhugasöm um hljóðfærin, dugleg að hlusta, prófa hljóðfærin og syngja.

Á þessu blaði sjáið þið myndir af öllum hljóðfærunum sem tónlistarskólakennararnir kynntu fyrir ykkur – og nokkur í viðbót. Ef þið viljið fræðast meira um hljóðfærin getið þið farið inn á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga [www.tonar.is](http://www.tonar.is) – **Námsframboð.**

*Tónlistarkveðja frá tónlistarskólakennurunum*

Til foreldra/forráðamanna:

Ef áhugi er fyrir tónlistarnámi næsta vetur, má sækja um á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga, [www.tonar.is](http://www.tonar.is) og smella á hnappinn „Umsókn um skólavist“.

- Umsóknarfrestur fyrir veturinn 2019 – 2020 er til 1. júní 2019.

- Ekki komast allir að í fyrstu umferð, en hringt er í nemendur á biðlista um leið og losnar pláss.

## Klassískt nám

### Hljómborðshljóðfæri

Píanó



Kirkjuorgel



Harmonika



Harpa



Klassískur gítar



### Strokljóðfæri

Fiðla



Víola



Selló



Kontrabassi



*Málmblasturshljóðfæri*  
Trompet



Althorn / Barítónhorn



Básúna



Horn




Túba



*Tréblásturshljóðfæri*

Blokkflauta



Klarínetta



Saxófónn



Fagott



Óbó



Pverflauta



Piccoloflauta



*Klassísk ásláttarhljóðfæri*

Sneriltromma



Ásláttarhljómborð

(t.d. marimba, sílófónn, víbrófónn, klukkuspil)



Bassatromma



Þríhorn



Tambúrína



Pákur



**Rytmískt nám** er ætlað nemendum 8/9 ára og eldri – fer eftir stærð nemenda.

Rafgítar



Rafbassi (frá 9 ára aldri)



Trommusett (frá 8 ára aldri)



## Gítardeild

### Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Vignir Ólafsson

*Kennarar :*

Birgit Myschi  
Kristinn Freyr Kristinsson  
Hjörtur B. Hjartarsson  
Vignir Ólafsson

*Kennslugreinar:*

Klassískur- og Susuki-gítar/samspil  
Klassískur gítar/samspil  
Klassískur gítar/samspil  
Rafgítar, rafbassi, samspil

*Samspilshópar:*

Laugarvatn Gítarsamspil  
Selfoss Gítarsamspil 1  
Selfoss Gítarsamspil 2  
Selfoss Suzukihópur A  
Selfoss Suzukihópur B  
Selfoss Suzukihópur C

*Stjórnandi:*

Kristinn Freyr Kristinsson  
Kristinn Freyr Kristinsson  
Kristinn Freyr Kristinsson  
Birgit Mysci  
Birgit Mysci  
Birgit Mysci

*Tónleikahald deildar:*

Gítardeildartónleikar 07.11.2018  
Hausttónleikar Þorlákshöfn 26.11.2018  
Hausttónleikar Reykholti 26.11.2018  
Hausttónleikar 04.12.2018  
Jólafundur Kvenfélags Selfoss 11.12.2018  
Dagur Tónlistarskólanna 09.12.2018  
Gítardeildartónleikar 30.01.2019  
Friðheimar 01.05.2019  
Suzuki útskrift 04.05.2019  
Allskynsóperan Í Hólmaröst, Stokkseyri 10. og 11. maí 2019  
Skólaslit Þjórarskóla 22.05.2019

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Foss- og Ljósheimar - Suzukideild 20.09.2018,  
Foss- og Ljósheimar - Gítardeild 30.10.2018 og 07.05.2019

*Próf*

5 tóku grunnpróf og 55 tóku stigspróf í gítardeild 2019

*Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

Nú er tilfinnanlega farið að vanta stofur í skólann.

*Annað:*

Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

## Píanódeild

### Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Margrét S. Stefánsdóttir

*Kennarar:*

Birna Bragadóttir

Björn Pálmi Pálmason

Dagur Bergsson

Einar Bjartur Egilsson

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Guðrún Markúsdóttir

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Loftur Erlingsson

Magnea Gunnarsdóttir

Suncana Slamning

Ulle Hahndorf

Örlygur Atli Guðmundsson

*Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi):* Píanóhringekja & tilfallandi fjórhent

*Tónleikahald deildar:*

Píanódeildartónleikar 8. nóvember 2018 í Selfosskirkju

Hauttónleikar 26. nóv. – 1. des 2018

Vortónleikar 2. – 6. maí 2019

Píanó-hringekjutónleikar í Hveragerðiskirkju 6. maí 2019

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Jólaspil „út í bæ“ í desember s.s á Bókakaffi, í Grænamörk, á kvenfélagsbasar, á kórtónleikum og víðar.

Spilað í leikskólum, Litla upplestrarkeppninni, Tónastöðin Rvík, spilað í messu og fleira.

Fossheimar/Ljósheimar 24. janúar 2019

Píanónemendur spiluðu í „Allskynsóperunni“ á Stokkseyri 10. og 11. maí 2019

*Próf – fjöldi áfangaprófa*

75 píanópróf voru tekin á þessu skólaári.

*Námskeið sem kennarar hafa sótt*

Ester Ólafsdóttir: Bryanston Suzukipíanókennaranámskeið í ágúst 2018 - áframhaldandi Suzukikennaranám vetrinn 2018-19.

Magnea Gunnarsdóttir: Kórstjórnarnámskeið í Skálholti haust 2018.

Guðrún Markúsdóttir: vinnur að 4. stigi í Suzukikennaranámi.

Suncana Slamning tók miðpróf í sellóleik.

Margrét S. Stefánsdóttir stundaði og lauk náminu „Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun“ við Endurmenntun HÍ. Námið jafngildir 24 ECTS einingum á grunnstigi háskólanáms.

Námið gefur alþjóðlega vottun: „IPMA – D vottun í verkefnastjórnun.“

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim*

Verkefnið Píanóhringekjan var reynd í fyrsta sinn. Píanóhringekjan er samspil píanónemenda, þar sem spilað er á tvö píanó (fjórhent) og tónlistin hefur samfellu.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

1) Yfirfara kröfur um yfirferð og erfiðleikastig prófverkefna (verkefni + tónstigar)

2) Safna próf-viðmiðunarverkefnum í möppu.

3) Skanna inn upplýsingar eftir umræður og setja í möppu á O365, sem er aðgengileg öllum píanókennurum.

## Rytmísk deild

### Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Vignir Ólafsson

*Kennarar:*

Stefán I. Þórhallsson  
Vignir Ólafsson  
Sigurgeir Skafti Flosason

*Kennslugreinar:*

Slagverk og trommur og samspil  
Rafgítar, rafbassi og samspil  
Rafbassi

*Samspilshópar:*

Selfoss	Rytmískt samspil 1	<i>Stjórnandi:</i> Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 2	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 3	Vignir Ólafsson
Selfoss	Rytmískt samspil 4	Vignir Ólafsson
Selfoss	Slagverkssamspil Grunnám	Stefán I. Þórhallsson
Selfoss	Slagverkssamspil Miðnám	Stefán I. Þórhallsson

*Tónleikahald deildar:*

Rytmískir deildartónleikar 6.11.2018  
Gítardeildartónleikar 7.11.2018  
Hausttónleikar Selfossi 4.12.2018  
Arion banki 19.12.2018  
Dagur tónlistarskólanna 9.2.2019  
Svæðistónleikar Nótunnar, Salnum Kópavogi 16.3.2019  
Lokahátíð Nótunnar í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 6.4.2019  
Allskynsóperan 10.5. og 11.05.2019  
Vortónleikar 14.5.2019  
Skólaslit í Þorlákshöfn 17.5.2019  
Skólaslit FSU 25.05. 2019

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Jólaspil rytmískrar deildar í Arionbanka 19.12.2018  
Rytmísk deild á Ljós- og Fossheimum 07.05.2019

*Próf – fjöldi áfangaprófa.*

2 slagverksnemendur þreyttu grunnpróf og 1 tók miðpróf.  
10 tóku stigspróf á slagverk

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:*  
Hljóðfærakynningar í grunnskólum sýslunnar er góð og skemmtileg viðbót í starf skólans.

*Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

Vantar tilfinnanlega stofur í skólann

*Annað:*

Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.



## Strengjadeild

### Skýrsla maí 2019

*Deildarstjóri:* Guðmundur Kristmundsson

*Kennarar:*

Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Pálsson  
María Weiss  
Ulle Hahndorf

*Kennslugreinar:*

Fiðla, víóla  
Fiðla  
Fiðla  
Selló, fiðla

*Hljómsveitir og samspilshópar:*

Hveragerði Blönduð hljómsv. blás/str.  
Selfoss Eldri strengjasveit  
Selfoss Strengjakvartett  
Selfoss Yngri strengjasveit

*Stjórnandi:*

Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Kristmundsson  
Ulle Hahndorf

*Tónleikahald deildar:*

Tónleikar Strengjadeildar á Fossheimum, 22. nóv. 2018

Deildartónleikar 5. nóvember 2018, í Hveragerðiskirkju

Yngri strengjasveit: Jólabbal Suzukideildar 5. des. 2018. Allskynsóperan 10. og 11. maí 2019.

Eldri strengjasveit: Jólátónleikar í samstarfi við Allegro-skólann í Fóstbræðraheimilinu í Reykjavík 11. des og í Listasafni Árnesinga í Hveragerði 16. des. 2018. Allskynsóperan 10. og 11. maí. Skólaslit á Selfossi 20 maí.

Strengjakvartett: Brottfarar-tónleikar í Básnum, 13. maí

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

